

**67. fundur Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps
haldinn í Svörtuloftum, fundarsal í ráðhúsi Vesturbyggðar miðvikudaginn 28.
júni 2023 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Þórkatla Soffía Ólafsdóttir (ÞSÓ), Lilja Magnúsdóttir (LM), Jón Árnason (JÁ), Guðlaugur Jónsson (GJ) var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Anna Vilborg Rúnarsdóttir (AVR), Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ) og Þórdís Sif Sigurðardóttir (ÞSS).

Fundargerð ritaði: Lilja Magnúsdóttir, formaður

Dagskrá:

1. Ársreikningur Minjasafns Egils Ólafssonar 2023 - 2306075

Ársreikningur Minjasafns Egils Ólafssonar 2022 lagður fram til staðfestingar.

Ársreikningur Minjasafns Egils Ólafssonar 2022 staðfestur samhljóða.

2. Reglur um útleigu veislusalár á Minjasafni Egils Ólafssonar - 2306076

Drög að reglum um útleigu veislusalár/kaffiteríu á Minjasafni Egils Ólafssonar ræddar.

Formanni samráðsnefndar og sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps er falið að gera drög að reglum í í samráði við forstöðumann Minjasafnsins, í samræmi við reglur um útleigu sala í eigu sveitarfélaganna.

3. Fráveita við Miðgarð - 2306077

Farið yfir stöðu á fráveitu við Minjasafn Egils Ólafssonar.

Forstöðumanni Minjasafns Egils Ólafssonar er falið í samráði við starfsmenn Vesturbyggðar að kanna möguleika á úrlausnum úr fráveitumálum og koma með tillögu fyrir fjárhagsáætlun 2024.

4. Starfsemi Minjasafns Egils Ólafssonar 2023 - 2306078

Forstöðumaður safnsins gerir grein yfir áætlaðir starfsemi þess árið 2023.

Forstöðumaður Minjasafns fór yfir áætlaða starfsemi safnsins árið 2022.

5. Skýrsla eldvarnareftirlitsins fyrir árið 2022 - 2306081

Skýrsla slökkviliðsstjóra um framkvæmd eldvarnareftirlits árið 2022 lögð fram.

Bæjarstjóra Vesturbyggðar og sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps er falið að fara yfir skýrslu slökkviliðsstjóra í samræmi við athugasemdir á fundinum.

6. Brunavarnaráætlun fyrir Vesturbyggð og Tálknafjörð 2023-2028 - 2306079

Brunavarnaráætlun fyrir Vesturbyggð og Tálknafjörð 2023-2028 lögð fram til umfjöllunar.

Brunavarnaráætlun rædd, áætlunin verður tekin fyrir í sveitarstjórnnum með haustinu.

7. Samgönguáætlun 2024-2038 - 2306080

Tillaga innviðaráðherra til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árið 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðáætlun fyrir árin 2024-2038. Tillagan er til umsagnar í samráðsgátt og er umsagnarfrestur til 31. júlí 2023.

Nefndin leggur til að samráðsnefnd láti vinna sameiginleg umsögn Vesturbyggðar og Tálknafjarðahrepps um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.17:00.

Þórkatla Soffía Ólafsdóttir (ÞSÓ)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Jón Árnason (JÁ)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Anna Vilborg Rúnarsdóttir (AVR)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)

Þórdís Sif Sigurðardóttir (ÞSS)